

Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í skipulags- og bygginganefnd Tjörneshrepps miðvikudaginn 31. mars 2021.
Þátttakendur: Katý Bjarnadóttir, Mary Anna Guðmundsdóttir og Steinþór Heiðarsson.

1. Umsókn um byggingarleyfi:

Ingunn Líney Indriðadóttir sækir um leyfi til að rífa gamla braggabyggingu, sem er skráð sem fjárhús, að Héðinshöfða 1 og byggja geymslu í hefðbundnum stíl á grunninum. Með umsókninni fylgja teikningar frá Hermanní Sigurðssyni húsasmíðameistara. Nefndin leggur til að sveitarstjórn heimili byggingarfulltrúa að gefa út byggingaleyfi þegar öll tilskilin gögn liggja fyrir.

2. Skráning lóðar í kringum hús að Hallbjarnarstöðum 1:

Eigendur hússins að Hallbjarnarstöðum I, þeir Árni Viðar Kárason, Eiður Árnason og Ingólfur Árnason, leggja fram umsókn um skráningu nýrrar landeignar í fasteignaskrá, sbr. áður samþykktá ósk um stofnun lóðar í kringum húsið. Lóðin er stofnuð úr óskiptu landi Hallbjarnarstaða 1 og 2. Með umsókninni fylgja undirskriftir allra eigenda Hallbjarnarstaða 2 til staðfestingar á því að þeir samþykki gjörninginn. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt.

Katý Bjarnadóttir

Mary Anna Guðmundsdóttir

Steinþór Heiðarsson